

Foreldraráð Leikskóla Seltjarnarness (LS)

Fundargerð
7. desember 2012

Fundur foreldraráðs LS var haldinn kl. 8:10 þann 7. desember 2012 í Sólbrekku.

Viðstaddir:

Soffía Guðmundsdóttir, Ólafía Harðardóttir, Hildigunnur Magnúsdóttir og Svana Davíðsdóttir

Dagskrá

1. Kynning á hlutverki foreldraráðs samkvæmt tillögum fyrra foreldraráðs 2011-2012.
2. Kosning formanns, meðstjórnanda og ritara.
3. Kynning Svönu á slysi dóttur hennar á útisvæði Sólbrekku í sumar og umræða um öryggismál á útisvæði LS.
4. Önnur mál

1. Hlutverk foreldraráðs

Foreldraráð 2012-2013 mun styðjast við tillögu fyrra foreldraráðs um hlutverk ráðsins.

Tillaga foreldraráðs 2011-2012 var eftirfarandi:

Foreldrafélag LS

Foreldrafélag LS á að sjá um foreldrastarfið í LS þ.e. að vera samstarfsvettvangur foreldra nemenda í LS. Foreldrafélag LS á að vinna að öfluglu félagslífi og kostur að það sé gert í samstarfi við deildarfulltrúa. Á ábyrgð foreldrafélags LS er m.a. að skoða framlög til skólamála, mótuneyti og matseðla, skemmtanir og sambærilega þætti.

Foreldraráð LS

Foreldraráð LS vinnur eftir og fylgir „Handbók foreldraráða í leikskólum“, útgefið af Heimili og skóla, maí 2010.

Hlutverk foreldraráðs er að starfa sem fagaðili gagnvart nemendum og foreldrum gagnvart skólayfirvöldum varðandi innihald, áherslur og skipulag skólastarfs LS. Foreldraráð situr fyrir hönd foreldra og nemenda í skólanefnd Seltjarnarness og kemur þar skoðunum foreldra og nemenda á framfæri og leggur fram tillögur ef við á. Foreldraráð LS fer yfir og gefur umsögn um faglegt starf í LS, skólanámskrá, skóladagatal og aðrar áætlanir, fylgist með framkvæmd áætlana og að þær séu kynntar foreldrum. Jafnframt fylgist foreldraráð LS með starfsmannastefnu og sér um einstök mál nemenda. Foreldraráð starfar í náinni samvinnu við stjórn foreldrafélags LS.

2. Kosning

Hildigunnur Magnúsdóttir verður formaður og mun sitja fundi skólanefndar Seltjarnarness. Svana Davíðsdóttir verður meðstjórnandi og mun sjá um samskipti við foreldrafélag LS. Ólafía Harðardóttir verður ritari.

3. Kynning Svönu á slysi á útisvæði Sólbrekku sl. sumar og umræða um öryggismál á útisvæði LS

Svana fór yfir slæmt slys dóttur hennar í kastala á útisvæði Sólbrekku í maí sl. Dóttir hennar fótbrotnaði illa, var í hjólastól í 10 vikur, gífsi í 8 vikur og sjúkraþjálfun eftir það. Brotið virðist sem betur fer hafa gróið vel. Svana kynnti sér í kjölfarið fyrri slys í kastalanum og stöðu öryggismála á útisvæðum í LS.

Athugun Svönu leiddi m.a. í ljós að:

- Ítrekaðar athugasemdir höfðu verið gerðar af hálfu eftirlitsaðila við einstaka leiktæki og fallundirlag á leikskólalóð LS (Mánabrekku og Sólbrekku) frá árinu 2007 a.m.k. Hvað varðar kastalann sérstaklega höfðu verið gerðar athugasemdir við kastalann sjálfan og fallundirlag við hann a.m.k. þrisvar sinnum áður en slysið varð.
- BSI sem er hlutlaus eftirlitsaðili með leikskólasvæðum hafði gert athugasemdir við útisvæði LS, m.a. í kringum kastalann en þeim athugasemdum hefði ekki verið sinnt.
 - BSI á Íslandi hefur faggildingu fyrir árlegar skoðanir leiksvæða. BSI tekur árlega út leiksvæði og kannar hvort þau séu í samræmi við lög og reglur. Gerðar eru athugasemdir ef svo er ekki.
- Slæm slys hefðu átt sér stað síðustu ár í leiktækinu, m.a. kjálkabrot og handleggsbrot.
 - Ekki hefði verið haldið óslitið utan um slysasögu síðustu ára. Finna mætti fjögurra ára tímabil þar sem engin slyskráning hefur átt sér stað. Það slys sem átti sér stað í kastalanum í sumar er því a.m.k. fimmta slysið sem skráð er í slyskráningarkerfið að hafi orðið í umræddum kastala. Fleiri slys gætu þó hafa orðið þar þ.s. slyskráningin er ekki fullnægjandi.
- Bæjaryfirvöld sem eru ábyrgðaraðilar að rekstri LS, virðast ekki bregðast við þeim athugasemdum sem gerðar eru af hálfu eftirlitsaðila. Í sumum tilvikum virðast þau telja sér heimilt að bregðast við sumum athugasemdum en ekki öðrum. Slíkt athafnaleysi hefur afleiðingar í för með sér, eins og slyskráning undanfarinna ára ber með sér, jafnvel þótt ófullkomin sé.

Svana var ósátt við það hvernig tekið var á málinu þegar það kom upp. Hún óskaði sérstaklega eftir því að tryggt yrði að önnur börn gætu ekki leikið sér í umræddu tæki á meðan aðstæður væru óbreyttar og umhverfið jafn hættulegt og raun bar vitni. Ekkert var aðhafst í því fyrr en um tveimur vikum síðar þegar kastalinn var fjarlægður. Fram að þeim tíma voru önnur börn látin leika sér í kastalanum eins og ekkert hefði í skorist þrátt fyrir að ábyrgðaraðilar leikskólans vissu um hættunna. Svana er ósátt við stöðu þessara mála innan LS og Seltjarnarbæjar. Svana er einnig ósátt við samskipti við bæjaryfirvöld vegna málsins og hefur sent inn kvörtun til innanríkisráðuneytis vegna þessa.

Ákveðið var að senda inn erindi á næsta fund í skólanefnd Seltjarnarnes þar sem spurst verður fyrir um stöðu mála eftir síðustu úttekt BSI á leiksvæði LS og hvernig þessum málaflokki verður háttað í framtíðinni.

4. Önnur mál

Rætt var um að kanna hvort aðrar athuganir væru gerðar á vinnuumhverfi barnanna. Rætt var að skilgreina sérstaklega að það væri hluti af hlutverki foreldraráðs að hafa eftirlit með úttektum sem gerðar eru á LS, þar á meðal árlegri úttekt á leiksvæði.

Ekki voru önnur mál tekin fyrir.

Dagskrá næsta fundar

Ekki var lögð fyrir dagskrá fyrir næsta fund.

Fundi lauk kl. 09:45. Næsti fundur ákveðinn í janúar og Soffía mun boða næsta fund.

Fundargerð ritaði Ólafía Harðardóttir.

Fundargerð verður sett á vef LS eftir að fundarmenn hafa samþykkt fundargerð með tölvupósti til fundarritara.